

Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla).

Í greinargerð með frumvarpi þessu er lagt til að kennsla í einum trúarbrögðum umfram önnur eigi að auka siðfræðilegan, siðferðislegan og félagslegan þroska nemenda. Það er hvergi í greinargerðinni rökstutt að þessi ákveðnu trúarbrögð, kristni, séu frekar til þess fallin en önnur trúarbrögð eða lífsskoðanir eða gerð nein tilraun til þess að sýna fram á að kristni sé betri undirstaða fyrir þennan þroska en önnur trúarbrögð, lífsskoðanir eða almenn kennsla í grunnskólum. Auk þess vantar algjörlega rökstuðning fyrir því að eitthvað vanti upp á tilgreindan þroska hjá þeim börnum sem farið hafa í gegnum skólakerfið síðan nýjar aðalnámskrár tóku gildi. Vilji flytjenda frumvarpsins er skýr en ástæðurnar þar að baki eru það ekki nægilega til þess að gerðar verði breytingar á aðalnámskrá og kennslu í grunnskólum.

Í greinargerðinni er vísað í ótilgreinda viðmælendur flutningsmanna sem segja að trúarbragðafræði sé skammtaður of naumur tími í kennslu í dag. Einnig er greint frá því að viðmælendur nefni dæmi þess að kristinfræði fái minna vægi í trúarbragðafræði en önnur trúarbrögð. Þetta eru ótæk rök fyrir þeim breytingum sem lagt er til. Um er að ræða yfirgripsmiklar breytingar. Það að breyta aðalnámskrá og auka vægi einstakra faga og einstakra greina innan faga í kennslu er stórt úrlausnarefni fyrir skólakerfið og einstaka skóla. Það þarf að gera á sterkari grunni en ummæla ónafngreindra viðmælenda og sú það þyrftu að fylgja með tillögur um hvaða fög og greinar flutningsmenn vilja leggja minni áherslu á og minnka hlutfall kennslu í til að ná fram markmiðum sínum. Það má líka setja spurningarmerki við það hvort það sé hlutverk þingmanna að ákveða hver vægi einstakra faga og greina eigi að vera í skólum landsins.

Öll þau markmið sem ná á fram í frumvarpinu er nú þegar að finna í aðalnámskrá grunnskóla. Bæði hvað varðar umburðarlyndi, gagnkvæman skilning, siðferði og siðfræði en líka hvað varðar þekkingu á kristinni trú. Það er í raun erfitt að sjá nákvæmlega hvaða breytingar á efnislegu innihaldi aðalnámskrár verið er að leggja til. Frumvarpið og greinargerðin virðast fyrst og fremst snúast um annars vegar heiti á kennslustundum og hins vegar tíma sem varið er í kristinfræði, en hvorugt ætti í raun að vera hlutverk alþingis að ákveða. Frumvarpið, væri það samþykkt, fæli hins vegar í sér gríðarlega mikla vinnu við breytingar á aðalnámskrá og skipulagi náms í grunnskólum þar sem það fæli í sér rökun á kennslu í öðrum fögum.

Vantrú leggst gegn þessu frumvarpi og telur það illa rökstutt og að það feli í sér yfirgripsmiklar breytingar á skólastarfi án þess að hægt sé að sjá neinn ágóða af því umfram þann sem nú þegar lagður er fram í núgildandi aðalnámskrá.

fyrir hönd Vantrúar,
Hjalte Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar